STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1996

Nr. 694 1738 31. desember 1996

REGLUGERÐ

um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi.

1. gr.

Kjósi félag, sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 69. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga, að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum eða samstæðureikningi í stað ársreiknings sem saminn er skv. 3. gr. laga um ársreikninga, skal það setja upp efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Samandreginn ársreikningur skal bera það greinilega með sér að um sé að ræða samandregna útgáfu.

2. gr.

Félögum er heimilt, þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því, sbr. 77. gr. laga um ársreikninga, og að fengnu samþykki félagaskrár, sbr. 2. mgr., að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi skv. 5. gr. og tilheyrandi skýringum skv. 6. gr. í stað rekstrarreiknings og skýringa sem samdar eru skv. 3. gr. sömu laga.

Félög sem hyggjast beita þessari heimild skulu leita samþykkis félagaskrár og leggja fram nauðsynleg gögn varðandi tilgreind stærðarmörk ásamt rökstuðningi með beiðninni. Samþykki félagaskrár gildir meðan félagið uppfyllir nefnd skilyrði. Ef félag, sem sent hefur samandregna útgáfu af rekstrarreikningi og skýringum, uppfyllir ekki framangreind skilyrði að mati félagaskrár skal hún þegar í stað tilkynna félaginu það og ganga eftir óstyttum ársreikningi.

Efnahagsreikningur.

3. gr.

Samandreginn efnahagsreikning skal setja upp með eftirfarandi hætti, sbr. þó 4. gr., og skulu eftirfarandi liðir sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum:

EIGNIR

Fastafjármunir.

a. Óefnislegar eignir:

b. Varanlegir rekstrarfjármunir:

1. Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi.
2. Skip, flugvélar og fylgihlutar.
3. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir.

c. Áhættufjármunir og langtímakröfur:

1. Eignarhlutar og lán til tengdra félaga (móðurfélag, dótturfélag).
2. Eignarhlutar í öðrum félögum.
3. Önnur lán.
4. Lán til eigenda, hluthafa og stjórnenda.

Gutenberg

Veltufjármunir.

a. *Vörubirgðir:*

b. *Skammtímakröfur:*

1. Kröfur á tengd félög.
2. Aðrar skammtímakröfur.
3. Lán til eigenda, hluthafa og stjórnenda.

Ef framangreindar kröfur koma til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár skulu þær færðar meðal áhættufjármuna og langtímakrafna, sundurliðað eins og hér greinir.
Heimilt er að sýna undir þessum lið hlutafjárloforð í stað frádráttar undir liðnum hlutafé og stofnfé.

c. *Verðbréf og eignahlutar:*

1. Eignarhlutar í tengdum fyrirtækjum.
2. Aðrir eignarhlutar og verðbréf.
3. Eigin hlutir, sbr. 34. grein laga um ársreikninga.

Ef framangreindra eigna hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur innan eins árs skulu þær færðar hér, en ella meðal áhættufjármuna og langtímakrafna.

c. *Handbært fé:*

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Eigið fé.

a. *Hlutafé og stofnfé:*

1. Skráð hlutafé eða stofnfé.
2. - Hlutafjárloforð eða ógreitt stofnfé.
3. = Innborgað hlutafé eða stofnfé.

Heimilt er að birta sundurliðun þessa í skýringum.

b. *Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár:*
Hér skal tilgreina fjárhæð innborgaðs hlutafjár umfram nafnverð þess, frá og með gildistöku laga um ársreikninga. Þó er heimilt að tilgreina hér samsvarandi innborganir fyrir gildistöku laganna.

c. *Endurmatsreikningur:*

1. Skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga.
2. Skv. b-lið 1. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga.

d. *Aðrir eiginfjárreikningar:*

1. Lögbundinn varasjóður skv. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. þó liðinn yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár.
2. Varasjóður vegna hækkunar á gengi eignahluta í skráðum félögum.
3. Varasjóður samkvæmt ákvæðum stofnsamnings.
4. Annað eigið fé.

e. *Óráðstafað eigið fé:*

1. Yfirfært frá fyrri árum.
2. Hagnaður eða tap á reikningsárinu.
3. Arðgreiðslur.
4. Endurmat á óráðstöfuðu eigið fé.
5. Framlög í aðra sjóði.
6. Aðrar breytingar.

Heimilt er að birta sundurliðun þessa í skýringum.

Skuldbindingar og víkjandi lán.

1. Lífeyrisskuldbindingar.
2. Tekjuskattsskuldbindingar.
3. Víkjandi lán.
4. Aðrar skuldbindingar.

Skuldir.

a. *Langtímaskuldir, með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar:*
   1. Skuldabréfalán og önnur langtímalán ótalin.
   2. Breytanleg skuldabréfalán og lán tengd afkomu.
   3. Skuldir við tengd félög.

b. *Skammtímaskuldir, með gjalddaga innan eins árs:*
   1. Samþykktir víxlar og skuldabréfalán.
   2. Viðskiptaskuldir.
   3. Skuldir við tengd félög.
   4. Næsta árs afborgun af langtímalánum.
   5. Skattar á hagnað ársins og eignir í lok reikningsárs.
   6. Aðrar skammtímaskuldir.
   7. Ógreiddur arður ársins.

   Ef skuldir skv. þessum lið sem nema verulegum fjárhæðum gjaldfalla eftir lengri tíma en eitt ár skulu þær færðar meðal langtímaskulda sundurliðaðar eins og hér greinir.

4. gr.

Heimilt er að setja upp efnahagsreikning með eftirfarandi hætti í skýrsluformi enda gefi reikningurinn glögga mynd í samræmi við 9. gr. laga um ársreikninga.

Fastafjármunir.

a. *Óefnislegar eignir:*

b. *Varanlegir rekstrarfjármunir:*
   1. Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi.
   2. Skip, flugvélar og fylgihlutar.
   3. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir.

c. *Áhættufjármunir og langtímakröfur:*
   1. Eignarhlutar og lán til tengdra félaga (móðurfélag, dótturfélag).
   2. Eignarhlutar í öðrum félögum.
   3. Önnur lán.
   4. Lán til eigenda, hluthafa og stjórnenda.

Veltufjármunir.

a. *Vörubirgðir:*

b. *Skammtímakröfur:*
   1. Kröfur á tengd félög og hlutdeildarfélög.
   2. Aðrar skammtímakröfur.
   3. Lán til eigenda, hluthafa og stjórnenda.

Ef framangreindar kröfur koma til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár skulu þær færðar meðal áhættufjármuna og langtímakrafna sundurliðaðar eins og hér greinir.
Heimilt er að sýna undir þessum lið hlutafjárloforð í stað frádráttar undir liðnum hlutafé og stofnfé.

c. *Verðbréf og eignarhlutar:*
1. Eignarhlutar í tengdum fyrirtækjum og hlutdeildarfélögum.
2. Aðrir eignarhlutar og verðbréf.
3. Eigin hlutir, sbr. 34. grein laga um ársreikninga.

Ef framangreindra eigna hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur innan eins árs skulu þeir færðir hér, en ella meðal áhættufjármuna og langtímakrafna.

d. *Handbært fé:*

Skammtímaskuldir, með gjalddaga innan eins árs.
1. Samþykktir víxlar og skuldabréfalán.
2. Viðskiptaskuldir.
3. Skuldir við tengd félög.
4. Næsta árs afborgun af langtímalánum.
5. Skattar á hagnað ársins og eignir í lok reikningsárs.
6. Aðrar skammtímaskuldir, þar með taldir ógreiddir skattar og gjöld.
7. Ógreiddur arður ársins.

Veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum.

Heildareignir að frádregnum skammtímaskuldum.

Langtímaskuldir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar.
1. Skuldabréfalán.
2. Breytanleg skuldabréfalán og lán tengd afkomu.
3. Skuldir við tengd félög.

Skuldbindingar og víkjandi lán.
1. Lífeyrisskuldbindingar.
2. Tekjuskattsskuldbindingar.
3. Víkjandi lán.
4. Aðrar skuldbindingar.

Eignir umfram skuldir og eigið fé.

a. *Hlutafé og stofnfé:*
1. Skráð hlutafé eða stofnfé.
2. - Hlutafjárloforð eða ógreitt stofnfé.
3. = Innborgað hlutafé eða stofnfé.

Heimilt er að birta sundurliðun þessa í skýringum.

b. *Yfirverðreikningur innborgaðs hlutafjár:*
Hér skal tilgreina fjárhæð innborgaðs hlutafjár umfram nafnverð þess, frá og með gildistöku laga um ársreikninga. Þó er heimilt að tilgreina hér samsvarandi innborganir fyrir gildistöku laganna.

c. *Endurmatsreikningur:*
   1. Skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga.
   2. Skv. b-lið 1. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga.

d. *Aðrir eiginfjárreikningar:*
   1. Lögbundinn varasjóður skv. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. þó liðinn yfirverðreikningur innborgaðs hlutafjár.
   2. Varasjóður vegna hækkunar á gengi eignarhluta í skráðum félögum.
   3. Varasjóður samkvæmt ákvæðum stofnsamnings.
   4. Annað eigið fé.

e. *Óráðstafað eigið fé:*
   1. Yfirfært frá fyrri árum.
   2. Hagnaður eða tap á reikningsárinu.
   3. Arðgreiðslur.
   4. Endurmat á óráðstöfuðu eigið fé.
   5. Framlög í aðra sjóði.
   6. Aðrar breytingar.

   Heimilt er að birta sundurliðun þessa í skýringum.

Eigið fé samtals.

Rekstrarreikningur.

5. gr.

Samandreginn rekstrarreikning skal setja upp með eftirfarandi hætti og skulu eftirfarandi liðir sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum:

Afkoma fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.

Afskriftir fastafjármuna og niðurfærslur óefnislegra liða.

Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:
1. Vaxtatekjur frá fyrirtækjum í félagasamstæðu.
2. Aðrar vaxtatekjur og verðbreytingar á verðbréfum.
3. Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður.
4. Vaxtagjöld til fyrirtækja í félagasamstæðu.
5. Önnur vaxtagjöld og fjármagnskostnaður.
6. Gengismunur.
7. Reiknuð gjöld eða tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga.
8. Samtals.

Afkoma af reglulegri starfsemi fyrir skatta.

Skattar af reglulegri starfsemi og eign í árslok:
1. Tekjuskattur og eignarskattur.

Afkoma af reglulegri starfsemi eftir skatta.

Aðrar tekjur og gjöld:
1. Óreglulegar tekjur.
2. Óregluleg gjöld.
3. Samtals.

Niðurstaða fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga.

Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga:
1. Tekjur eða gjöld af eignarhlutum í dótturfélögum.
2. Tekjur eða gjöld af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.
3. Samtals.

Ársniðurstaða, hagnaður/tap.

Samandregnar skýringar.
6. gr.

Heimilt er að fella úr skýringum upplýsingar og sundurliðanir sem varða þá liði efnahagsreiknings og rekstrarreiknings sem felldir eru saman í samandregnum rekstrarreikningi og efnahagsreikningi.

Sameiginleg ákvæði.
7. gr.

Með eignum skv. 2. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um ársreikninga er átt við samtölu fastafjármuna og veltufjármuna skv. 3. og 4. gr. reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Með rekstrartekjum er átt við rekstrartekjur af reglulegri starfsemi skv. 12. gr., sbr. 13. gr. sömu reglugerðar.

Viðurlög.
8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. X. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.
9. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997 og kemur til framkvæmda við gerð samandreginna ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau félög, sem falla undir skilyrði 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 134/1996, um skil og birtingu ársreikninga, og vilja nýta sér þá heimild að leggja fram til birtingar samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum fyrir rekstrarárið 1995, skulu fara eftir 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar sem varðar samandregna liði rekstrarreiknings og skýringa. Frestur til framlagningar þessara gagna til ríkisskattstjóra sbr. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 134/1996 er til 31. janúar 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1996.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Jón Guðmundsson.

Nr. 695 31. desember 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með breytingum skv. reglugerðum nr. 548/1993, 146/1995 og 601/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 12. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. málsl. 1. tölul. orðast svo: Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þ.m.t. brotamálma, sem fellur til í þjóðfélaginu, án tillits til þess hvort um reglubundna starfsemi er að ræða.

b. 3. tölul. orðast svo: Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.

2. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl. er orðast svo: Endurgreiðslubeiðni skal byggjast á fullnægjandi sölureikningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1996.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.